



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2388
komudagur 8.5.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

bt. Allsherjarnefndar

Garðabæ, 7. maí 2004

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs.
Þingskjal 1153 – 765 mál.*

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vegna þingsályktunartillögu um varðveislu Hólavallakirkjugarðs í Reykjavík.

Fornleifavernd ríkisins fagnar þingsályktunartillögunni og öllum þeim ákvörðunum sem stuðla að varðveislu minja og jurtaflóru í Hólavallagarði. Hólavallagarður er afar merkilegur kirkjugarður og mikilvægur fyrir íslenska sögu og listsköpun.

Fornleifavernd ríkisins vill vekja athygli á að þróunarnefnd kirkjugarðsins hefur unnið afar merkilegt og gott starf undanfarin ár. Meðal annars við að móta stefnu til verndunar garðinum. Telur stofnunin nauðsynlegt að þróunarnefndinni sé gert fært að halda slíku starfi áfram. Ef af skipan nefndar um menningarlegt gildi kirkjugarðsins verður, telur Fornleifavernd ríkisins mikilvægt að meðal hlutverka slíkrar nefndar verði að tryggja fjármagn til varðveislu minjanna í garðinum. Forvarsla og öll varðveisla minningarmarkanna er kostnaðarsöm og er nauðsynlegt að hægt sé að ganga að vísu fjármagni til slíkra verkefna. Þá telur Fornleifavernd ríkisins eðlilegt að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til garða í þjóðminjalögum nr. 107/2001 þá veiti lögin þrátt fyrir það svigrúm til að friðlýsa slíkar minjar. Í 9. gr. laganna eru nefndar leifar sem teljast til fornleifa. Þar segir í upphafi greinarinnar:

*„Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
a. búsetulandslag.....g. minningarmörk í kirkjugörðum.....h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið...Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“*

Skv. 11. gr. laganna getur Fornleifavernd ríkisins friðlýst ofangreindar minjar, en skv. þjóðminjalögum eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar (9. -10. gr.).

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, sem fara með yfirumsjón Hólavallagarðs, hafa sinnt garðinum afar vel. Árið 2002 gerðu Fornleifavernd ríkisins og kirkjugarðarnir með sér samning sem fólst í að skrá allar minjar í garðinum í tengslum við deiliskipulagsvinnu. Greiðsla frá kirkjugörðunum gerði þannig Fornleifavernd ríkisins kleift að ráða starfsmann til verksins. Af um 20 þúsund minjum sem starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins hefur skráð í garðinum undanfarin tvö ár eru einungis nokkur hundruð yfir 100 ára og því undir vernd Fornleifaverndar ríkisins skv. þjóðminjalögum. Samstarf stofnananna hefur gengið afar vel.

Vakin skal athygli á að þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað undanfarin ár hefur Fornleifavernd ríkisins enn sem komið er ekkert stöðugildi fyrir starfsmann til að sinna málefnum kirkjugarða eða kirkjuminja, svo sem stofnuninni ber skv. 9. gr. og 20. – 23. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Svo stofnunin geti sinnt þessu stjórnarsýsluhlutverki sínu lögum samkvæmt og unnið skipulega að skráningu og mati á minjagildi kirkjugarða landsins er nauðsynlegt að tryggja stofnuninni fjármagn.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður